



Borgarráð

Reykjavík, 13. nóvember 2024

MSS24100022

UMSÖGN

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um tillögu áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um sjálfsmat íbúaráða

Óskað var umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. október 2024, um meðfylgjandi tillögu áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um sjálfsmat íbúaráða.

Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Sjálfsmat íbúaráðsfulltrúa og starfsmanna á þeim þáttum sem nefndir eru í tillögunni gæti, ef vel tekst til, verið gott tækifæri fyrir starfsmenn og íbúaráðin sjálf til að skerpa á áherslum og samstarfi innan þeirra.

Til þess að útfæra slíkt sjálfsmat er mikilvægt að fá til verksins aðila sem ekki kemur beint að þjónustu við eða starfsemi íbúaráða, bent er t.d. á Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar í því sambandi.

Virðingarfyllst,
Anna Kristinsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt: Tillaga

Borgarráð 3. október 2024: Tillaga áheyrnarfulltrúa Vinstri grænna um sjálfsmat íbúaráðanna MSS24100022

Borgarráð samþykkir að ráðast í athugun meðal starfsfólks og ráðsmanna íbúaráðanna, sambærilegt því sem tíðkast í stjórnun félaga. Meðal þess sem gæti verið skoðað eru verkefni ráðsins, stjórnarhættir, hvað betur mætti fara og hvort ráðsmönnum finnist ráðið þjóna tilgangi sínum. Listinn er ekki tæmandi og kæmi það í hlut fagaðila að útfæra sjálfsmat ráðsins.